



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 12/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Seðlabanka Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 12/2012 varð að reglum nr. 181/2013 um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs

| Nr. | Nafn umsagnaraðila | Tilvísun | Umsögn |
|-----|--------------------|---------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1 | Seðlabanki Íslands | Almenn umsögn | Seðlabankinn vill benda á að Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnfarslega undir ráðherra, sbr. 2.mgr. 4.gr. laga nr. 44/1998 um húnsæðismál. Að loknum hverjum alþingiskosningum skipar ráðherra fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, sbr. 7.gr. laga nr. 44/1998 en stjórnin ræður forstjóra, sbr. 8.gr. sömu laga. Samkvæmt þessu eru umræddir aðilar opinberir starfsmenn í skilningi laga. Með þetta í huga er ekki nægilegt að skoða eingöngu lög nr. 44/1998 þegar fjallað er um hæfi stjórnarmanna og forstjóra stofnunarinnar því einnig koma ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til skoðunar. |
| 2 | Seðlabanki Íslands | Almenn umsögn | Að mati Seðlabankans er tilvísunum til ákvæða laga nr. 44/1998 ábótavant. Þetta á einkum við í 2. málsl. 1.gr., 2.gr., 1.mgr. 3. gr., 1.mgr. 4.gr. og 2. mgr. 5.gr. draganna. |
| 3 | Seðlabanki Íslands | 4.gr. | Í a lið 2.mgr. 4.gr. í drögunum vantar orð. Af reglum nr. 886/2012 og 887/2012 að dæma vantar orðið búsetu en Seðlabankinn kveður þó ekki úr um það. |
| 4 | Seðlabanki Íslands | 9.gr. | Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með Íbúðarlánasjóði á grundvelli 11.gr. d. í lögum nr. 44/1998, sbr. einnig 2.mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Að mati Seðlabankans kemur þetta ekki nægilega skýrt fram í 1. mgr. 9. gr. draganna. |
| 5 | Seðlabanki Íslands | 10.gr. | Í ljósi þess að annars vegar að stjórnarmenn og forstjóri Íbúðalánasjóðs skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, sbr. 2.mgr. 8.gr. a. í lögum nr. 44/1998, sbr. einnig 20. gr. í drögunum, og hins vegar að aðili teljist vera fjárhagslega sjálfstæður ef hann uppfylli skilyrði allra staflíða 10. gr., sbr. 1.mgr. 11.gr. í drögunum, veltir Seðlabankinn fyrir sér hvaða vægi 2.mgr. 11.gr. draganna hefur. Sú undartekning sem þar er gerð er í það minnsta óskýr. |
| 6 | Seðlabanki Íslands | 12.gr. | Seðlabankinn bendir á að orðið munnlegt vantar á milli orðanna undirgangast og hæfismat í 2. mgr. 12. gr. draganna. |
| 7 | Seðlabanki Íslands | IV kafli | Seðlabankinn telur að heiti IV. kafla ætti að vera mat á þekkingu forstjóra í stað mat á nægilegri þekkingu forstjóra og heiti á V. kafla ætti að vera Mat á þekkingu stjórnarmann í stað, mat á nægilegri þekkingu stjórnarmanna. Einnig er það mat Seðlabankans að fjarlægja ætti orðið nægileg úr ákvæðum kaflanna tveggja. Núverandi orðalag kann að benda til þess að litlar kröfur séu gerðar til þekkingar stjórnarmanns annars vegar og forstjóra hins vegar. |
| 8 | Seðlabanki Íslands | 2.mgr. 12.gr. | Í 2.mgr. 12.gr. í drögunum væri eðlilegt að bæta tilvísun til laga nr. 37/1993 við upptalningu um þau atriði sem könnuð skulu í munnlegu hæfismati. |